



Frá kynningarfundum um vöruvottun í Iðnaðarmannahúsinu. Frá vinstri eru Ingvar Kristinsson, deildarstjóri hjá Iðntæknistofnun, Kristján Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda, Rafn B. Rafnsson, formaður félagsins, og Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra.

Vöruvottun hafin á íslenskum húsgögnum

FÉLAG húsgagna- og innréttingaframleiðenda hefur í samvinnu við Iðntæknistofnun Íslands tekið upp svonefnt vöruvottunarkerfi. Með því er ætlunin að gæðaprófa íslenska húsgagna- og innréttingaframleiðslu og er kerfið sambærilegt sænska prófunarkerfinu *Mobelfakta* sem er við lýði á Norðurlöndunum.

Aðstöðu til húsgagnaprófana var komið upp fyrir nokkrum árum á Iðntæknistofnun og hefur stór hluti fjöldaframleiddra íslenskra húsgagna fengið vöruvottun. Prófanirnar nýtast framleiðendum ekki eingöngu við að prófa fullunna vöru heldur einnig vörubrúnaferlinum. Um er að ræða þrjú mismunandi gæðastig sem þýðir að vöruvottunin segir til um hvort varan uppfyllir lágmarks-, miðlungs- eða hámarkskröfur.

Rafn B. Rafnsson, formaður Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda, segir að tilgangur vöruvottunar sé að tryggja kaupendum góðar upplýsingar frá óháð-

um aðila um mikilvæga eiginleika vörunnar. Þær eiga að tryggja það að neytendur kaupi ekki lélega vöru vegna ófullnægjandi eða beinlínis rangra upplýsinga. Þá sé það markmið húsgagnaprófana að styrkja markaðsstöðu innlendirar framleiðslu með því að upplýsa neytendur um gæði vörunnar í sam- anburði við innflutta vöru. Með aðgangi að húsgagnaprófunum gefst framleiðendum kostur á að stuðla að endurbótum á vörinni ef gæðum kann að vera áfátt. Þá séu gæðaprófanir og sá gæðastimpill, vöruvottun, sem þær veita nauðsyn- leg forsenda þess að hægt sé að flytja út íslensk húsgögn.

Kjarvalsstaðir:

Opnuð sýning á ljóð- um Þórarins Eldjárns

SÝNING verður opnuð á ljóðum eftir Þórarinn Eldjárn á Kjarvalsstöðum í dag, laugardaginn 23. nóvember kl. 17. Höfundur les úr verkum sínum. Opnun- athöfnin verður send út í beinni útsendingu í þættinum *Leslampinn á Rás 1*.

Í frétt frá Kjarvalsstöðum segir að Þórarinn yrki jöfnum höndum í hefðbundnu og óbundnu formi. Stíll hans einkennist af íroníu, óvæntri kímni, stundum með ádeilubroddi. Hann sé orðhagur og beiti sig oft frumlegum brögðum í orðasmíð og rímleikjum.

Ljóðabækur Þórarins eru orðnar sjö að tölu, auk skáldsagna og smásagna.

Sýningin á Kjarvalsstöðum stendur til 8. desember nk.



Þórarinn Eldjárn

Blindrabókasafnið og Bréfaskólinn:

Enskunámskeið á snældum fyrir blinda

ÚT ER komið á vegum Bréfaskólans og Blindrabókasafnsins námskeið í ensku í tveimur hlutum á 15 hljóðsnældum. Námskeiðið er einkum ætlað blindum, sjónskertum og öðrum sem eiga erfitt með að lesa.

Námskeiðið er samstarfsverk- efni Blindrabókasafnsins og Bréf- askólans og gert í tilefni 50 ára afmælis skólans. Byggt er á efni frá franskrí námsgagnastofnun og var það upprunalega bæði til á bók og snældum en nauðsynlegt reyndist að breyta efniinu og lag- færa áður en það var fært yfir á hljóðsnældur.

Fyrrihluti námskeiðsins er snið- inn fyrir þá sem lítið eða ekkert kunna í ensku og þá sem vilja rífa upp og síðarihluti er beint fram- hald. Allt námskeiðið skiptist í 146

kafli og eru þeir allir eins upp byggðir til að auðvelda námið, segir í frétt frá Bréfaskólanum. Öðru hvoru er skotið inn upprifjun- arköflum.

Námskeiðið byggist á að nem- endur hlusta og endurtaka setn- inguna á ensku til að æfa fram- burð og einnig er öðru hvoru gert smá hlé svo að nemendur fái ráð- rúm til að þýða það sem þeir heyra, eða mynda setningar á ensku.

Skýringar á málfræði og fram- burði eru á íslensku og fléttast inn í alla kaflana.

OPNUM Í DAG KL. 12

JÓLAMARKAÐ ALLRAR FJÖLSKYLDUNNAR

YFIR 50 VERSLANIR

VEITINGASALA

LEIKTÆKI FYRIR BÖRN

ÆVINTÝRA LEIKFANGALAND

ALLT MILLI HIMINS OG JARÐAR TIL

ATH!
FRÍTT KAFFI, TERTA
OG GOSDRYKKIR Í DAG,
OPNUNARDAGINN



Jólaskeifan

SÖLU- OG KYNNINGARMARKAÐUR

FAXAFENI 10 – HÚSI FRAMTÍÐAR. OPIÐ ALLA DAGA FRA 12 - 19